

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1401*  
*komudagur 22.3.2006*



## SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

THE ICELANDIC FORESTRY ASSOCIATION

Skúlatúni 6, 105 REYKJAVÍK

SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131 - NETFANG skog@skog.is

**Landbúnaðarnefnd Alþingis**  
**Nefndarsvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**Reykjavík 21.03.2006**

Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur fjallað um hjálagt frumvarp til laga um landshlutaverkefni (LHV) í skógrækt, þingskjal nr. 809 og 555. mál. Félagið þakkar landbúnaðarnefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að koma með umsögn og athugasemdir við frumvarpið en þær hafa hlotið málefnalega meðferð í stjórninni.

Skógræktarfélag Íslands er dyggur stuðningsaðili landshlutaverkefna í skógrækt og fulltrúar skógræktarfélaganna hafa setið í stjórnnum þriggja verkefna, Vesturlandsskóga, Skjólsskóga á Vestfjörðum og Norðurlandsskóga. Samkvæmt upplýsingum, sem Skógræktarfélag Íslands hefur aflað, hefur þátttaka þessara fulltrúa í stjórn verkefnanna reynst mjög gagnleg og styrkt starf verkefnanna.

Áður en fjallað verður um einstök atriði í frumvarpinu er rétt að benda á nokkur almenn atriði sem hafa mikil áhrif á fram komið frumvarp.

1. Lög um skógrækt í landinu eru löngu úrelt. Þau eru frá árinu 1955 og er inntak þeirra á engan hátt í takt við stöðu mála í dag.
2. Frumvarpið tekur á aðeins einum þætti skógræktar, skógrækt á lögbýlum til timburnytja, landbóta og skjólbelta.
3. Lagaákvæði um aðra þætti skógræktar skortir.  
Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefði talið eðlilegra að setja almenn lagaákvæði um skógrækt í landinu, þar sem vilji stjórnvalda kæmi fram.

Stjórn og aðalfundir Skógræktarfélags Íslands hafa ítrekað bent á nauðsyn þess að endurskoða löggjöf skógræktarmála.

Þá þykir rétt að vekja athygli á að skógrækt sé stunduð í sátt við umhverfið og mikilvægt skref í þá átt væri að í lögum sem þessum kæmi fram skýr yfirlýsing um að verkefnin vinni í anda "Leiðbeininga um skógrækt í sátt við umhverfið" sem vistaðar eru á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands, <http://www.skog.is/leidbeiningar.htm>.

**1. gr.**  
**Tilgangur og markmið.**

**Umsögn:**

Þessi grein tekur á markmiðum laganna. Lagt er til að markmið laganna verði skerpt til að bæta skilvirkni verkefnanna og auðvelda mat á árangri þeirra. Í frumvarpinu er lögð áhersla á fjögur meginmarkmið: a) ræktun nytjaskóga, b) ræktun landbótaskóga, c) ræktun skjólbelta og d) eflingu byggðar og atvinnulífs.

Þessi undirmarkmið laganna hafa hvert sinn tilgang og markmið sem við ræðum sérstaklega hér að neðan.

**a. Ræktun nytjaskóga á lögbýlum á Íslandi.**

Nytjaskógrækt er metnaðarfullt markmið skógræktar í landinu. Timburnytjar eru afmarkað, mælanlegt markmið í skógrækt. Nytjaskógar eru ræktaðir til að framleiða viðarafurðir og felur slík ræktun í sér að skógarnir verða að uppfylla kröfur um trjátegundir, vaxtarhraða og vaxtarform. Nytjaskógrækt kallar á mun meiri inngríp í upphafi heldur en önnur skógrækt s.s. umhirðu og grisjanir.

Í þessu samhengi er mikilvægt að sett séu magnbundin markmið. Íslendingar flytja nú inn um 65.000 tonn og því til viðbótar nokkurt magn af spónaplötum og krossvið. Til þess að rækta þetta viðarmagn þarf um 30.000- 35.000 ha lands miðað við að skógurinn vaxi að meðaltali 6 teningmetra á ha. Þetta þýðir það að nytjaskógrækt eins landshlutaverkefni, Héraðsskóga og Austurlandsskóga gæti farið langt með að fullnægja allri núverandi innanlandsþörf fyrir timbur.

Einnig skiptir magn og staðsetning miklu máli fyrir hagkvæmni nytjaskógræktar. Því er spurningin hvort ekki eigi að setja ákvæði í þessi lög sem tryggja að nytjaskógrækt verði jafnan stunduð á sem hagkvæmastan hátt og á þeim stöðum sem hún geti helst orðið arðbær.

Nytjaskógrækt, ólíkt landsbótaskógrækt er ræktun sem keppir á samkeppnisgrundvelli við ræktun í öðrum löndum. Jafnframt er það ræktun sem kallar jafnan á meiri inngríp en t.d. landbótaskógrækt og felur því í sér mun meiri fjárfestingu ríkisins. Landeigandi getur vænst verulegs fjárhagslegs ábata í framtíðinni ef ræktunin er vel skipulögð í upphafi.

Markmiðssetning frumvarpsins er ekki nægilega skýr varðandi nytjaskógrækt og því er lagt til að hún verði skilgreind nánar.

Hvað á nytjaskógrækt að vera stór hluti verkefnanna?

Hvað hyggjast stjórnvöld stefna á mikla timburframleiðslu í landinu?

Mun metnaðarfullra markmið þessara laga er að stefna að ákveðinni, magnbundinni viðurframleiðslu líkt og gerist í nágrannalöndum okkar. Til dæmis framleiða Írara nú um

2 milljónir m<sup>3</sup> viðar og til að auka arðsemi þess vilja þeir auka það verulega.

**b. Ræktun landbótaskóga til umhverfisbóta á lögbýlum á Íslandi.**

Þetta markmið skógræktar gerir mjög ólíkar kröfur um inngríp miðað við nytjaskógrækt. Landbótaskógrækt má stunda mjög víða og hentar því vel að mæla árangur þess markmiðs út frá flatarmáli skóga. Spyrja má að hvaða flatarmáli skuli stefnt? Hér er aftur brennandi skortur á heildarlöggjöf í skógrækt sem varði veginn fyrir alla skógrækt í landinu. Telja verður 5% láglendis metnaðarfullt markmið í LHV, enda þöktu skógar a.m.k. 30% landsins við landnám.

**c. Ræktun skjólbelta.**

Umfang slíkrar ræktunar fer eðlilega eftir áhuga landeigenda, og tengist ekki markmiðum um ákveðið flatarmál skóga. Markmið LHV í skjólbeltarækt þarf því að skýra rækilega í Landhlutaáætlunum verkefnanna skv. 4. gr. frumvarpsins.

**d. Að treysta byggð og efla atvinnulíf.**

Má velta fyrir sér hvernig LHV eigi að ná markmiðum um eflingu byggðar og atvinnulífs? Þýðir það til dæmis að landeigendur á jaðarbyggðum eigi að fá meiri stuðning en þeir á vaxtarsvæðum? Og eins þarf að skilgreina hvernig þeim markmiðum skuli náð.?

Eiga sömu markmið við um öll verkefni? Mikill munur er á aðstæðum til skógræktar eftir landshlutum Mikilvægt er að hvert landshlutaverkefni setji sér markmið í Landshlutaáætlun sbr. 4. grein frumvarpsins í samráði við hagsmunaaðila í viðkomandi landshluta.

**Lagt er til að 1. gr. verði eftirfarandi:**

*„Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, með ræktun nytjaskóga, landbótaskóga og skjólbelta. Sá skógur skuli treysta byggð og efla atvinnulíf og skal eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt á lögbýlum, sem bundin eru við sérstaka landshluta.*

*Hvert verkefni skal setja sér mælanleg markmið í nytjaskógrækt, landbótaskógrækt og skjólbeltarækt í sérstakri Landshlutaáætlun sbr. 4 grein þessara laga.”*

**2. gr.  
Skilgreiningar.**

**Umsögn:**

Eins og áður hefur komið fram er bagalegt að hafa ekki lög um skógrækt til að styðjast við í umfjöllun um skilgreiningar á hugtökum.

Má þar m.a. benda á að notkun hugtaksins „fjölnytjaskógar”, sem notað er í frumvarpinu í samhengi sem tæpast á við. Fjölnytjaskógar (Flersidig skogbruk, Multiple use forestry) felur í sér víðtækt hugtak sem einnig tekur til útivistar, berjatínslu, sveppatínslu almennings og fl. sem ekki er inntak þessara laga, en frumvarpið fjallar um ræktun skóga á landi að mestu í einkaeign sem almenningur hefur ekki aðgang að. Skógar eins og

Þjóðskógar Skógræktar ríkisins og útivistarskógar skógræktarfélaganna eru hins vegar fjölnytjaskógar, þar sem viðarnytjar, náttúruvernd og útivist eru markmið.

Í þessu frumvarpi eru ekki ákvæði um óheft aðgengi almennings að skógunum. Það er hins vegar skoðun Skógræktarfélags Íslands að slíkt ákvæði væri til bóta.

Lagt er til að markmið skógræktar LVH sé nytjaskógrækt, landbótaskógrækt eða skjólbeltarækt, en hugtakið fjölnytjaskógrækt verði fellt út.

### Lagt er til að 2. gr. verði eftirfarandi:

*Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:*

- 1. Nytjaskógrækt: Ræktun skógar með það að meginmarkmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota.*
- 2. Landbótaskógrækt: Ræktun skógar með það að meginmarkmiði að fegra land, skapa skjól, vernda jarðveg og nýta verndarmátt skóga.*
- 3. Skjólbelti. Raðir eða þyrping trjáa og runna sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru, skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði eða sem undanfari skógræktar á bersvæði.*

### 3. gr.

#### Landshlutaverkefni í skógrækt.

#### Umsögn:

Í greininni er þversögn sem þarf að laga, ekki síst í tengslum við rökstuðning í 5. grein varðandi stjórnir verkefnanna.

Lög um landshlutabundin skógræktarverkefni hafa það megin markmið að veita framlög til skógræktar á lögbýlum. Þessi tenging við lögbýli var og er lykilatriði í allri framkvæmd þessara verkefna.

Í frumvarpinu er lagt til að LVH geti annast önnur verkefni í skógrækt óháð lögbýlum.

Á þá breytingu getur Skógræktarfélag Íslands ekki fallist, að stjórnnum þessara verkefna verði falin umsjón annarra verkefna í skógrækt, jafnt utan sem innan lögbýla og leggjum til eftirfarandi breytingu á frumvarpinu.

Jafnframt er bent á að það getur verið fólgið hagræði í að fela landshlutaverkefnum önnur landbótaverkefni á lögbýlum, svo sem landgræðslu og endurheimt votlendis. Löggin þurfa að opna slíka möguleika.

**Lagt er til að 3. gr. verði eftirfarandi:**

*Landbúnaðarráðherra er heimilt eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni að starfrækja sérstök landshlutaverkefni í skógrækt. Landshlutaverkefnin eru: Suðurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Skjólsskógar á Vestfjörðum, Vesturlandsskógar og Héraðsskógar á Austurlandi.*

*Verkefnin heyra undir landbúnaðarráðuneytið og skulu þau veita ábúendum framlög til nytja- og landbótaskógræktar ásamt skjólbeltarækt á lögbýlum.*

*Landbúnaðarráðherra getur, í samráði við Skógrækt ríkisins, falið (stjórn landshlutaverkefnanna)/framkvæmdastjóra viðkomandi landshlutaverkefnis umsjón annarra landnýtingarverkefna á lögbýlum.*

**4. gr.**

**Landshlutaáætlanir.**

**Umsögn:**

Ekki er gerð athugasemd við 4.gr. Mikilvægt er að áætlanirnar dragi upp skýra mynd af markmiðum verkefnanna

**5. gr.**

**Stjórn og rekstur.**

**Umsögn:**

Í frumvarpinu er lagt til að fulltrúi skógræktarfélaganna, fjöldahreyfingar áhugafólks um skógrækt, verði felldur út úr stjórn verkefnanna með þeim rökum að verið sé að minnka stjórnarkostnað.

Þá vakna spurning um tilgang og nauðsyn settrar stjórnar LHV. Ef tilgangur stjórnar er ekki sá að skapa tengsl við heimaaðila, svo sem sveitarfélög og almenning, þá er eðlilegast að leggja stjórnir LHV af. Það væri í fullu samræmi við þá stefnu sem er uppi í opinberri stjórnsýslu. Þá myndu framkvæmdastjórar verkefnanna heyra beint undir landbúnaðarráðherra.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands telur að þetta sé röng stefnumótun fyrir LHV eins og hún er sett fram í frumvarpinu. Mun meira afl náist úr þessum verkefnum og samstaða um framgang, ef tryggð eru tengsl við almenning í viðkomandi landshluta.

Skógræktarfélagin hafa haft fulltrúa í stjórnnum þriggja landshlutaverkefna sem starfa eftir nýjustu lögunum um LHV og hefur það fyrirkomulag mælst vel fyrir og verið viðkomandi verkefnum mikill styrkur. Hins vegar hafa tvö eldri verkefnin, sem starfa eftir eldri lögum, Héraðsskógar og Suðurlandsskógar ekki haft slíkan fulltrúa innanborðs í stjórnnum og þekkja því væntanlega ekki gagnsemi þeirra.

Því vill stjórn Skógræktarfélags Íslands halda fulltrúa skógræktarféлага viðkomandi landshluta inni í stjórnnum LHV.

Einnig teljum við að það væri til hagsbóta fyrir flutningsmenn þessa frumvarps að ígrunda gaumgæfilega hvort ekki væri styrkur fyrir LHV að fá inn í stjórn fulltrúa sveitarstjórnarstigsins í viðkomandi landshluta. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Verkefnunum er ætlað hlutverk í byggðapróun og atvinnuuppbyggingu hvers landshluta. LHV hafa hins vegar ekki sérhæfingu á því sviði og því gæti verið styrkur að tengja stjórnun verkefnanna sveitarstjórnarstiginu í hverjum landshluta.

Önnur ástæða er m.a. að sveitarfélög hafa nú skipulagsmál á sínu forræði, og skógrækt þarf að falla að skipulagstillögum viðkomandi landshluta, s.s. aðalskipulagi sem tekur yfir allt dreifbýli. Í markmiðum frumvarpsins er verið að fjalla um framkvæmdir á 5% láglandis. Vegna þess umfangs er nauðsynlegt að tryggja aðkomu þessara aðila að stjórn verkefnanna.

Rök varðandi kostnað við stjórnarsetu fulltrúa skógræktarfélaganna eru léttvæg, en til þess ber að líta að verkefnin fá nú 490 milljónir á fjárlögum 2006. Hagræði þess að hafa góða stjórn á verkefnunum er margfalt það sem fulltrúar skógræktarfélaganna kosta í þessu samhengi.

Til að tryggja sem bestan framgang LHV leggjum við til að í stjórn þeirra verði fimm stjórnarmenn (ath. einnig umræðu í lið 3) en til vara að halda stjórnnum verkefnanna óbreyttum þ.e. með fjórum stjórnarmönnum.

Það hvernig Skógrækt ríkisins veiti aðstoð og faglegar leiðbeiningar, þarf að skýra. Á Skógrækt ríkisins að „aðstoða” við gróðursetningu trjáplantna, grisjun skóga eða hvað? Eiga aðrir sem stunda skógrækt einnig rétt á „aðstoð” Skógræktar ríkisins við sína aðgerðir án þess að greiða fyrir? Þarna er lagatextinn ófullkominn og býður upp á óvissu til framtíðar. Lagt er til að setningin verði felld út.

Skógrækt ríkisins starfar nú eftir algerlega úreltum lögum frá árinu 1955. Í nýrri lagasetningu um skógrækt og þar með um hlutverk Skógræktar ríkisins þarf að skilgreina hlutverk stofnunarinnar gagnvart landshlutabundnu skógræktarverkefnunum, auk annarra skógræktenda í landinu.

**Lagt er til að 5. gr. verði eftirfarandi:**

*„Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna stjórn fyrir hvert landshlutaverkefni til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af félagi skógarbænda á viðkomandi svæði, annar af Skógrækt ríkisins, þriðji af skógræktarfélögum viðkomandi svæðis, fjórði af sveitarfélögum viðkomandi svæðis og sá fimmti án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn verkefnisins og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir þess. Hún ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur. Landbúnaðarráðherra setur stjórnnum verkefnanna starfsreglur.”*

*Eða til vara:*

**Lagt er til að 5. gr. verði eftirfarandi:**

„Landbúnaðarráðherra skipar fjögurra manna stjórn fyrir hvert landshlutaverkefni til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af félagi skógarbænda á viðkomandi svæði, annar af Skógrækt ríkisins, þriðji af skógræktarfélagum viðkomandi svæðis og sá fjórði án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn verkefnisins og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir þess. Hún ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur. Landbúnaðarráðherra setur stjórnnum verkefnanna starfsreglur.”

**6. gr.  
Samningar.**

**Umsögn:**

Stjórn félagsins tekur heils hugar undir mikilvægi þess að gera samninga milli ríkisvalds og þiggjanda framlags.

Það skiptir miklu máli að réttarstaða almennings sé skýr varðandi aðgang að skógum ræktuðum á vegum LHV og er bent á tengingu við lög um náttúruvernd frá árinu 1999 um aðgengi almennings að skógum ræktuðum á landi í einkaeigu, styrktum af ríkinu. Þar er veitt forsögn um ákvæði í samningum skógarbónda og ríkis sem taka þarf tillit til.

**14. gr. Umferð gangandi manna.**

„För um ræktað land, sbr. [8. tölul. 3. gr.],<sup>1)</sup> og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða rétthafa. Sama gildir um skógræktarsvæði í byggð sem ekki eru í eigu eða umsjá ríkis eða sveitarfélaga, önnur en náttúrulega birkiskóga og kjarr. Sé skógrækt styrkt með opinberu fé skal kveða svo á í samningi við eiganda eða rétthafa lands að hann tryggi almenningi með reglum sem hann setur frjálssa för um landið eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið”.

Hér er uppi óvissa um túlkun, því ekki liggur fyrir hvenær “fyrstu stigum skógræktar er lokið”. Þetta hefur einnig áhrif á þá skoðun félagsins sem er reifuð í 2. grein frumvarpsins að erfitt sé að kalla skóga LHV fjölmytaskóga ef þeir eru ekki aðgengilegir almenningi.

Einnig vill félagið draga fram rök fyrir 40 ára samningum? Ekki síst í ljósi skuldbindinga ríkisins, kvaða á einstaklinginn og eins því hvort verið sé að byggja inn í kerfið óþarfa ríkisforsjá á landi í einkaeigu.

Tímaskala þarf að skoða í samhengi vaxtar skóga á Íslandi og eins því samhengi að endurgreiðsluákvæði eldri laga er fellt úr gildi. Þessi árafjöldi var settur fram í öðru samhengi en nú er boðað en fyrsta verkefnið, Héraðsskógar, átti að starfa í ákveðinn tíma sem tæki að koma skógi í landið.

Ef ríkið ætlar hins vegar að stunda skógræktina áfram á landi landeigandans svo sem að greiða kostnað við grisjanir, vegagerð, viðhald girðinga, uppbyggingu aðstöðu í skóginum o.s.frv. eru rök fyrir lengri samningsstíma.

Dæmi: Á bóndi sem ákveður að rækta skjólbelti að gera 40 ára samning um það við ríkið. Skjólbeltin eru farin að virka miklu fyrr og gjarna fallin og úrsérgengin eftir 40 ár. Ef samningurinn á að ná yfir þann tíma sem það tekur að koma skóginum á legg er nóg að samningurinn sé til 5-10 ára. Í því tilviki þar sem stefnt er að ræktun landbótaskóga ætti það í flestum tilvikum að nægja. Varðandi nytjaskógrækt er annað upp á teningnum en þar hefur verið venja að greiða líka grisjanir landeigenda. Sé það vilji laganna að ríkissjóður beri þann kostnað er eðlilegt að slíkir samninga séu til langs tíma, jafnvel fram að lokahöggi.

Mikilvægt er að taka afstöðu til ofangreindra atriða í lögnum. Hægt er að hafa áhyggjur af því að hægt muni ganga að auka umfang skóga í landinu ef ríkið ætlar að annast alla þætti skógræktarstarfs einstakra landeigenda um áratugaskeið. Hitt væri einfaldara ef samningur væri til styttri tíma, tengdist markmiðum skógræktarinnar með það að leiðarljósi að landeigandi tæki sem fyrst við skóginum. Þá væri jafnframt engin þörf á ákvæði um fyrningu vilji skógarbóndi hætta.

**Lagt er til að 6. gr. verði endurskoðuð.**

## **7. gr. Samningar.**

### **Umsögn:**

Félagið telur mjög eðlilegt að skógarbóndi geti leyst sig undan skuldbindandi samningum en er ekki sammála þeirri leið sem boðuð er í frumvarpinu.

Fyrningarákvæði eins og notuð eru við fasteignir og vélar eiga ekki við um skóga sem eru í grundvallaratriðum af öðrum toga. Öfugt við t.d. vélar þá vex skógurinn og verðmæti hans og landsins sem hann klæðir. Sýna má fram á að verðgildi skógar aukist verulega þegar hann vex, sé ekki eingöngu miðað við timburafurðir. Félagið hafnar því þeirri fyrningarleið sem sett er fram í frumvarpinu.

Víða hefur komið til þess að þurft hefur að meta skóga vegna ýmissa framkvæmda s.s. snjóflóðavarnargarðar. Þar er ávallt lagt til grundvallar að skógurinn vaxi að verðmæti með tíma.

Fallist er á þau rök að fella niður 15% endurgreiðsluákvæði frá fyrri lögum enda er það villandi þar sem ekki er verið að styrkja nytjaskógrækt. Auk þess er eðlilegt að hugsanleg endurgreiðsla til ríkisins komi í formi almennra skatta.

Félagið saknar einnig ákvæðis um endurnýjun skóganna? Í nágrannalöndum okkar er undantekningarlaust ákvæði um endurnýjun eftir lokahögg. Í 5. gr. laga um Héraðsskóga nr. 32 21. mars 1991 er gert ráð fyrir 5% endurnýjunarreikning sem er í samræmi við löggjöf í nágrannaríkjum og er ætlað að tryggja endurnýjun nytjaskóga. Þetta ákvæði er mikilvægt ekki síst í ljósi stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun.



Lagt er til að skoðað verði hvernig tryggja mætti endurnýjun skógar LHV, nokkuð sem væntanlega tengist mjög skorti á almennri skógræktarlöggjöf í landinu. Sé samningstími hins vegar stytur má hugsanlega fella 7. grein burt.

**Lagt er til að 7. gr. verði endurskoðuð og hugsanlega felld niður.**

**8. gr.  
Samningar.**

**Umsögn:**

Ekki er gerð athugasemd við 8. gr.

**9. gr.  
Samningar.**

**Umsögn:**

Spyrja má af hverju 97% styrki? Benda má á að í lögum um Héraðsskóga er varið 97% styrkjum til lögbýla í ábúð en aftur á móti 75% til eyðijarða. Hversu mikinn hvata þarf ríkið að leggja fram til að landeigendur rækti skóg?

Er þörf á að styrkja að jöfnu alla þætti skógræktarstarfsins. Þar sem um nytjaskógrækt er að ræða má færa fyrir því rök s.s. að tryggja ákveðin viðargæði en aukin skógrækt með önnur markmið gæti hugsanlega fengið lægri stuðning þar sem krafan er ekki endilega þaulræktun.

**Lagt er til að 9. gr. verði endurskoðuð.**

**10. gr., 11. gr. og 12. gr.**


**Umsögn:**

Ekki eru gerðar athugasemdir við 10. gr., 11. gr. og 12. gr.

Varðandi nytjaskógrækt er annað upp á teningnum en þar hefur verið venja að greiða líka frumvarpið. Skógræktarfélögin framleiða og selja stóran hluta þeirra jólatrjáa sem ræktuð eru í landinu. Er það ein aðaltekjulind fjölmargra skógræktarféлага. Skógræktarfélag Íslands hefur nýlega gert stóran samning við einkaaðila (Húsasmiðjan/Blómaval) um ræktun og sölu jólatrjáa til næstu 15 ára, þar sem stórefla á ræktun jólatrjáa.

Í frumvarpinu, er ríkið að færa einstökum landeigendum skóg sem þeir geta höggvið sem jólatré eftir 8-12. Þetta verður að teljast óeðlilega samkeppnisstaða og því er lagt til að landeigendur sem njóta stuðnings til skógræktar í gegnum LHV verði óheimilt samkvæmt lögunum að höggva skóga til sölu á jólatrjám.

F. h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,

  
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.